

Markaðspunktur í dag:

- Spáum Lincoln Óskarsverðlaununum 2013

Spáum Lincoln Óskarsverðlaununum 2013

Nú líður senn að eftirlætis viðburði allra kvikmyndaunnenda, nefnilega Óskarsverðlaununum, en þau verða veitt í 85. skipti þann 24. febrúar næstkomandi. Að þessu sinni keppa níu myndir úr draumasmiðjunni um aðaltilit hátíðarinnar sem besta mynd ársins 2012; þær *Amour*, *Argo*, *Beasts of the Southern Wild*, *Django Unchained*, *Life of Pi*, *Lincoln*, *Les Misérables*, *Silver Linings Playbook* og *Zero Dark Thirty*. Í tilefni afhendingar Gullhnattarins í gær ákvað greiningardeild að spá í spilin fyrir hátíðina.

Hagrannsóknir og Óskarsverðlaunin

Þótt kvikmyndagerð eigi auðvitað meira skylt við listir en vísindi sá hagfræðingurinn Andrew Bernard leik á borði fyrir rannsóknaraðferðir hagfræðinnar til að ryðjast inn á enn eitt óskylt svið þegar kom að verðlaunaafhendingunni 2005¹. Hann útbjó nokkuð snjallt probit spálíkan² sem byggði á að greina tölfraeði fyrri verðlaunaafhendinga allt frá árinu 1984 til að spá fyrir um úrslit komandi verðlauna.

Einkenni sigurvegarans

Með því að rannsaka fjölda breyta gat hann metið sigurlíkur mynda á grundvelli annarsvegar frammistöðustika (fjölda tilnefninga til Óskarsverðlauna, fjölda Gullhnatta sem myndin sigraði í aðdraganda Óskarsverðlaunanna o.s.frv.) og hinsvegar einkennastika (hvort myndin sé gamanmynd, hvort hún gerist í fortíðinni, hvort hún sé byggð á raunverulegum atburðum, hvort aðalpersónan deyi o.s.frv.). Þar kenndi ýmissa grasa, en marktæk einkenni sigurmynda Óskarsverðlaunanna voru t.d...

- ...að þær höfðu að jafnaði hlotið 10,5 tilnefningar til Óskarsverðlauna, en tapmyndir 6,7.
- ...að þær höfðu að jafnaði unnið 2,9 Gullhnetti, en tapmyndir aðeins 0,9.
- ...að aðalpersónan steig á hestbak í 30% sigurmynda, en aðeins 10% tapmynda.
- ...að aðalpersónan er með e.k. snilligáfu í 20% sigurmynda, en aðeins 5% tapmynda.
- ...að gamanmynd hafði *aldrei* hlotið Óskarsverðlaun.

Einfalt líkan virkar best

Eftir að hafa reynt ýmsar útgáfur spálíkana með mismunandi breytum komst hann að því að tiltölulega einfalt líkan virkaði best. Það var líkan sem mat sigurlíkur myndar sem fall af annarsvegar fjölda tilnefninga og hinsvegar fjölda Gullhnatta sem hún hafði unnið til, eftir að gamanmyndum hafði verið sleppt þar sem fullkomin fylgni var á milli þess að vera gamanmynd og að tapa titilbaráttunni um bestu mynd ársins:

$$\text{Líkur}(\text{Sigur}) = f(\beta_1 \text{Tilnefningar} + \beta_2 \text{Gullhnettir} + \beta_3 \text{Gamanmynd} + e_{it})$$

Hvort tveggja er enda góður hitamælir um þann samhljóm sem ríkir um ágæti myndanna innan breiðs hóps sérfræðinga á mismunandi sviðum kvikmyndagerðar – sem jafnframt ákvarða sigurmyndina innan

¹ Sjá [An Index of Oscar-Worthiness: Predicting the Academy Award for Best Picture](#) e. Andrew B. Bernard.

² Probit líkön meta líkur á að breyta taki gildið 1 en ekki 0 – í þessu tilviki sigurbreytan, þ.e. að viðkomandi mynd ynni verðlaunin.

vébanda Akademiunnar. Athyglisvert er hversu mikinn skýringarmátt Gullhnettir hafa, sem bendir til þess að þýði erlendra blaðamanna og Akademiunnar sé nokkuð svipað þegar kemur að kvikmyndasmekk.

Góð spágeta klikkaði þegar á reyndi


Alls spáði þetta einfalda líkan rétt fyrir um 18 af þeim 20 verðlaunaafhendingum sem voru í gagnasafni Bernards, en það klikkaði árin 1990 þegar Driving Miss Daisy (sigurlíkur 45,6%) vann Born on the Fourth of July (52,9%), og þegar Silence of the Lambs (10,6%) vann öllum að óvörum árið 1992.

Hann var þess vegna frekar kokhraustur þegar hann spáði kvikmyndinni The Aviator sigri árið 2005 með 85% líkum, og varð sennilegast fyrir nokkrum vonbrigðum þegar Million Dollar Baby hreppti hnossið – sem átti á pappírnum aðeins 13,2% líkur á að sigra.

Uppfært líkan greiningardeildar

Í tilefni af afhendingu Gullhnattarins í gær hefur greiningardeild nú uppfært gagnasafn Bernards og endurmetið líkanið. Viðbótartilnefningin hefur lítið eitt meiri skýringarmátt í dag, en viðbótar Gullhnötturinn hefur síður afgerandi áhrif nú tæpum áratug síðar, en þegar Bernard útbjó sitt líkan:

Jaðaráhrif á sigurlíkur meðalmyndar



Heimildir: Andrew B. Bernard og útreikningar greiningardeildar

Akademían virðist hins vegar vera orðin ófyrirsjáanlegri í vali sínu eftir árið 2005, en þar gæti spilað inn í að fjöldi tilnefndra mynda var aukinn úr 5 og upp í allt að 10 frá árinu 2009. Enda kemur í ljós að líkanið hefur staðið sig talsvert verr frá og með 2005 en síðustu 20 ár þar á undan, en það spáði t.d...

- ...yfirgnæfandi sigri Brokeback Mountain (88,3%) þegar Crash (2,8%) hirti verðlaunin 2006, en jafnvel Capote (4,6%) þótti líklegri þá. Reyndar er Crash á mörgum listum yfir slöppustu sigurvegara Óskarsverðlaunanna hin síðari ár, en líkan greiningardeildar styður þá fullyrðingu afdráttarlaust – dæmi nú hver fyrir sig.
- ...harðri baráttu The Queen (48,1%) og Babel (33,1%) þegar The Departed (12,1%) sigraði 2007, en þá átti líklegast hlut í máli að Martin Scorsese, leikstjóri myndarinnar, hafði oft verið hlunnfarinn áður.
- ...sigri Avatar (44,5%) eða Inglourious Basterds (17,3%) þegar indí-myndin Hurt Locker (12%) vann óvænt 2010.
- ...að The Social Network (39,7%) ætti betri séns en The King's Speech (29,5%) þegar sú síðarnefnda vann 2011 – þótt líkurnar hafi raunar verið nokkuð jafnar þá.

Að öðru leyti hefur líkanið haft rétt fyrir sér, þrátt fyrir aukinn ófyrirsjáanleika frá og með 2005.

Í ár hlýtur verðlaunin...

Frá og með gærdeginum liggja hvort tveggja fyrir fjöldi Óskarstilnefninga sem bestu myndir ársins hlutu, og fjöldi Gullhnatta sem þær hreptu í gær. Út frá þeim er síðan hægt að spá fyrir um sigurlíkur hverrar myndar fyrir sig.

Að þessu sinni gæti slagurinn orðið jafn, en þær Lincoln, Les Misérables og Life of Pi eiga allar nokkuð svipaðan möguleika. Argo vann raunar verðlaunin sem besta myndin við afhendingu Gullhnattarins í gær, en að teknu tilliti til beggja framistöðustika á hún þó aðeins um 10% möguleika á að vinna Óskarinn.

Lincoln á besta möguleika að þessu sinni, eða um fjórðungslíkur, og því spáir greiningardeild henni sigri.

Mynd	Fjöldi Gullhnatta	Fjöldi Óskarstilnefninga	Sigurlíkur
<i>Lincoln</i>	1	12	26,5%
<i>Les Misérables</i>	3	8	25,0%
<i>Life of Pi</i>	1	11	20,9%
<i>Argo</i>	2	7	10,9%
<i>Silver Linings Playbook</i>	1	8	7,8%
<i>Django Unchained</i>	2	5	4,8%
<i>Amour</i>	1	5	1,9%
<i>Zero Dark Thirty</i>	1	5	1,9%
<i>Beasts of the Southern Wild</i>	0	4	0,3%

Heimildir: Andrew B. Bernard og útreikningar greiningardeildar

Röðun greiningardeildar er ekki alls ósvipuð og á veðmálasíðum, þótt nokkru muni raunar á styrkleika myndanna. Lincoln er t.d. víðast spáð afgerandi sigri, en hún er með stuðulinn 1,3 hjá Betfair. Argo kemur þar á eftir með stuðulinn 5,2 og þá Les Mis með 14 og Life of Pi með 22.

Bestu myndir síðustu 30 ára

Með því að útbúa eins konar vísitölu sigurlíkna er síðan hægt að bera saman myndir á milli ára til að meta hlutfallslegan styrk þeirra – með öðrum orðum gefur vísitalan eins konar hugmynd um hvaða séns myndirnar ættu hver á móti annarri ef þær hefðu keppt á sömu verðlaunahátíð. Uppfærður listi greiningardeildar yfir 10 bestu sigurmyndirnar er svona:

Sæti	Mynd	Ár	Óskarsvísitalan
1	<i>Titanic</i>	1997	96,3
2	<i>Chicago</i>	2002	85,9
3	<i>Shakespeare in Love</i>	1998	85,9
4	<i>Forrest Gump</i>	1994	85,9
5	<i>LOTR: The Return of the King</i>	2003	85,1
6	<i>Amadeus</i>	1984	85,1
7	<i>Schindler's List</i>	1993	79,6
8	<i>Dances With Wolves</i>	1990	79,6
9	<i>Slumdog Millionaire</i>	2008	78,6
10	<i>Out of Africa</i>	1985	71,8

Heimildir: Andrew B. Bernard og útreikningar greiningardeildar

2012 ekki sterkt kvikmyndaár

Ef við skoðum síðan Óskarsvísitöluna fyrir bestu myndirnar í ár sést að kvikmyndaárið 2012 var ekki meðal þeirra bestu í sögunni. Sterkasta myndin, Lincoln, tekur aðeins gildið 45,8 á vísitölunni. Prófill myndarinnar er mjög svipaður og The King's Speech, sem hefur til samanburðar nákvæmlega sama gildi á vísitölunni.

Mynd	Óskarsvísitalan
<i>Lincoln</i>	45,8
<i>Les Misérables</i>	43,3
<i>Life of Pi</i>	36,2
<i>Argo</i>	18,8
<i>Silver Linings Playbook</i>	13,6
<i>Django Unchained</i>	8,3
<i>Amour</i>	3,2
<i>Zero Dark Thirty</i>	3,2
<i>Beasts of the Southern Wild</i>	0,5

Heimildir: Andrew B. Bernard og útreikningar greiningardeildar

Markaðspunktur Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hafsteinn Hauksson	hafsteinn.hauksson@arionbanki.is	444-6993
Stefán Broddi Guðjónsson	stefan.gudjonsson@arionbanki.is	444-6959

Ábyrgðarmaður: Ásdís Kristjánsdóttir

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktur eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt og ekki skal líta á efnið sem ráðgjöf um kaup, sölu eða aðra ráðstöfun fjármálagerninga sem umfjöllunin kann að varða, beint eða óbeint. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt. Einnig skal bent á að árangur í fortíð er ekki örugg vísbending eða trygging fyrir árangri í framtíð.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsýjaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankabjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is